

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Hólahverfis, Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Hólahverfis. Heimili þess og varnarþing er í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýlu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru 3. Einn ábúandi frá hverri jarðanna Hóla, Ártúns og Dýhóls í Nesjahreppi.

Hver stofnandi greiðir stofngjald, fimm þúsund krónur, og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en það gjald er greitt. Allt vatn til daglegra nota í íbúðarhús og útihús á hverri jörð teljast undir sama stofngjald.

Félagsskylda samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, er félagið hefur til umráða.

4. gr.

Ábúendur annarra býla, svo og væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu, má taka í félagið með samþykki lögsmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Stofnkostnað af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar, skal að jöfnum hlutum greiða fyrir hvert býli á félagssvæðinu. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, svo sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Félagsstjórnin ákveður upphæð hans þannig, fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld samkv. 2. málsgr. þessarar greinar, má taka lögtaki, ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum með greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess.

Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins, umfram gjöld þau, er honum er gert að greiða til félagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnar-nefndarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmaður, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflaga eða persónulega með 5 daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

Boðað verði til hans með viku fyrirvara, bréflaga eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna mæta. Verði hann ekki lögmætur, er boðað er til hans í fyrsta sinn, skal boða hann aftur og er hann þá lögmætur hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf ber að geta þess í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og ritari lesa fundargerð í lok hvers fundar. Hann undirritar hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt af fundarmönnum.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbólum og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitufélagi Hólahverfis í Nesjahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.